

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 24. október 2008

Gjaldeyrismál

Fátt hefur dregið til tíðinda hvað varðar stöðuna á gjaldeyrismarkaði síðan í gær. Temprun gjaldeyrisútlæðis er áfram í gildi og bankarnir þrír, Glitnir, Landsbanki og Kaupþing, geta því enn ekki afgreitt erlendar greiðslur nema í sérstökum undantekningartilfellum skv. tilmælum Seðlabankans. Sparisjóðabankinn getur aftur á móti afgreitt erlendar greiðslur í flestum myntum, en þó eru sem fyrr hnökrar á greiðslum til og frá Bretlandi.

Í raun er ólíklegt að erlend greiðslumiðlun komist í lag fyrr en búið er að efla gjaldeyrisforða Seðlabankans, t.a.m. með samkomulagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Enn sem komið er hafa engar niðurstöður úr samningaviðræðum stjórnvalda við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn verið kynntar og því allt eins líklegt að staðan á gjaldeyrismarkaði verði áfram óbreytt um nokkurt skeið.

Núverandi ástand er með öllu óviðunandi og ítrekar Viðskiptaráð að stjórnvöld verði að ná samkomulagi við IMF sem allra fyrst. Algert forgangsmál er að utanríkisviðskipti komist aftur í eðlilegt horf eigi skaðinn ekki að verða meiri en þegar hefur orðið.

Nýtt upplýsingaskjal handa erlendum aðilum

Ljóst er að staða íslenskra efnahagsmála vekur athygli víða um heim. Fjölmarginir erlendir aðilar hafa sett sig í samband við innlend fyrirtæki með spurningar sem lúta að stöðu mála á Íslandi. Margir átta sig illa á stöðunni og óvissan er mikil.

Viðskiptaráð hefur því útbúið skjal sem aðildarfélög geta notfært sér við að útskýra stöðu mála á Íslandi gagnvart erlendum hagsmunaaðilum. Í skjalinu er farið stuttlega yfir aðdraganda efnahagsvanda Íslands, stöðuna eins og hún er í dag, aðgerðir og viðbrögð stjórnvalda og líklegar afleiðingar. Vonast er til þess að skjal þetta liði fyrir samskiptum við erlenda aðila og hjálpi til við að varðveita viðskiptasambönd og velvild í garð Íslendinga.

Skjalið er á ensku og það má nálgast [hér](#).